

## Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. október 2023 í máli nr. 24/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 17. mars 2023 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings um þjónustu bílaleigunnar Y, hér eftir varnaraðila, í tengslum við leigu sóknaraðila á bifreið á vegum varnaraðila.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér greiddan viðgerðarkostnað að fjárhæð 1.624,34 evrur. Þá krefst sóknaraðili þess að fá endurgreiddar úr hendi varnaraðila 181,33 evrur vegna greiðslu á svokölluðu „*damaged vehicle administration fee*“ sem og dráttarkostnað að fjárhæð 118.700 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfi, dags. 17. maí 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 23. maí 2023.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, leigusamningur aðila, ástandsskýrsla bifreiðarinnar, afrit af ábyrgðaryfirlýsingu vegna tjóns, afrit af tjónamati [...], dags. 28. nóvember 2022, staðfesting á greiðslu dráttarkostnaðar og afrit af skriflegum samskiptum aðila.

Með bréfi, dags. 6. október 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls má ráða að sóknaraðili leigði bifreið af gerðinni Dacia Duster með skráningarnúmerið [...], árgerð 2017, hjá varnaraðila dagana 18. – 27. nóvember 2022. Þann 21. nóvember 2022 bilaði kúpling bifreiðarinnar og var hún í kjölfarið flutt með dráttarbíl á starfsstöð varnaraðila. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili krafist þess að sóknaraðili myndi þá þegar greiða áætlaðan viðgerðarkostnað að fjárhæð 1.590 evrur og svokallað „*damaged vehicle administration fee*“ að fjárhæð 181 evrur, alls 1.771 evrur. Greiddi sóknaraðili varnaraðila umkrafaða fjárhæð sem og 118.700 krónur í dráttarkostnað til fyrirtækisins [...]. Var sóknaraðili síðan krafinn um frekari greiðslu að fjárhæð 33,96 evrur með tölvupósti varnaraðila 28. nóvember 2022.

Sóknaraðili telur sig ekki ábyrgan fyrir þeirri bilun sem varð í bifreiðinni og krefst endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem hann greiddi varnaraðila vegna málsins sem og dráttarkostnaðar. Varnaraðili telur ljóst að tjón á bifreiðinni megi rekja til aksturs sóknaraðila og krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

### 3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til þess að á öðrum degi leigutímabilsins hafi hann orðið var við bilun í kúplingu bifreiðarinnar á leið sinni frá Vík í Mýrdal til Reykjavíkur. Hafi sóknaraðili þá verið staddur um 35 km frá höfuðborginni og kveðst hafa verið búinn að aka bifreiðinni um 400 km frá upphafi leigutíma. Að sögn sóknaraðili hafi kúpling bifreiðarinnar skyndilega hætt að virka og reyk lagt frá vél hennar án nokkurrar viðvörunar. Sóknaraðili kveðst hafa stöðvað bifreiðina strax og lagt henni út í vegkanti. Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við fyrirtækið [...] sem hafi komið með dráttarbíl og dregið bifreiðina til varnaraðila. Sóknaraðili segir að varnaraðili hafi þá strax krafist greiðslu viðgerðarkostnaðar að fjárhæð 1.590 evrur þrátt fyrir að engin ítarleg skoðun viðgerðaraðila hafi þá farið fram. Þá hafi sóknaraðili verið krafinn um 181 evru í umsýslukostnað. Kveðst sóknaraðili hafa verið nauðbeygður að greiða umkrafinn kostnað. Hafi varnaraðili í kjölfarið afhent sóknaraðila aðra leigubifreið til umráða.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi síðar upplýst hann að bilunina mætti rekja til útbrunninnar kúplingar (e. burnt out clutch). Að sögn sóknaraðila sé orsök slíkrar bilunar „*excessive slippage of the clutch plate over a extendede period of time, while the engine is running*“. Sóknaraðili telur að þar sem umrædd bifreið hafi verið mikið keyrð en samkvæmt leigusamningi aðila hafði bifreiðinni verið ekið 255.729 km við upphaf leigutíma auk þess sem kúplingunni hafi ekki verið skipt út megi rekja bilunina til eðlilegs slits á kúplingunni sem hann beri ekki ábyrgð á. Um þetta vísi sóknaraðili til ákvæðis 5.5. í skilmálum varnaraðila.

### 3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi sótt bifreiðina á starfsstöð varnaraðila 18. nóvember 2022. Í afhendingarferlinu hafi starfsmaður varnaraðila farið yfir leigusamninginn með sóknaraðila og upplýst hann um reglur tengdar akstri á Íslandi. Í kjölfarið hafi sóknaraðili undirritað samninginn og þannig fallist á skilmála varnaraðila. Leigubifreiðin hafi síðan verið afhent sóknaraðila. Hafi sóknaraðili skoðað bifreiðina og undirritað ástandsskýrslu vegna hennar. Að sögn varnaraðila hafi sóknaraðili ekið bifreiðinni fyrstu daga leigutímabilsins án þess að tilkynna um neina vankanta á kúplingu hennar eða ástandi hennar að öðru leyti.

Varnaraðili bendir á að þann 21. nóvember 2022 hafi sóknaraðili haft samband við fyrirtæki sem sjái um vegaaðstoð fyrir varnaraðila og tilkynnt um bilun í bifreiðinni. Hafi varnaraðili fengið þær upplýsingar frá fyrrnefndum aðila að allt benti til þess að um bilun í kúplingu væri að ræða. Varnaraðili vísar til þess að umrædd bifreið hafi farið í gegnum ítarlega skoðun fyrir leigutímabilið og ekkert hafi bent til þess að vankantar væru á kúplingunni. Telur varnaraðili það eindregið benda til þess að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni hjá sóknaraðila og að það tengist ekki eðlilegu sliti á kúplingu hennar. Varnaraðili kveðst hafa upplýst sóknaraðila um framangreint og áréttað að skemmdir á kúplingu sem stafi af öðrum þáttum en eðlilegu sliti falli ekki undir leigusamning aðila og tryggingu tengdri leigunni. Hafi varnaraðili upplýst sóknaraðila að hann þyrfti að bera ábyrgð á kostnaði vegna vegaaðstoðar og áætluðum tjónakostnaði uns viðgerðaraðili gæti framkvæmt alhliða mat á biluninni. Að sögn varnaraðila hafi sóknaraðili fallist á að standa straum af framangreindum kostnaði og honum í kjölfarið verið afhent önnur leigubifreið án greiðslu frekara leigugjalds.

Varnaraðili vísar til þess starfsmenn hans hafi skoðað bifreiðina við komu hennar á starfsstöð. Hafi sú skoðun leitt í ljós að skyndilegur brunni hafi orðið í kúplingunni. Bendi það til þess að bilunin hafi ekki orðið vegna eðlilegs slits á bifreiðinni. Varnaraðili vísar til þess að hafa leitað álits utanaðkomandi viðgerðaraðila. Hafi viðkomandi framkvæmt svokallað CABAS tjónamat. Hafi umrætt tjónamat staðfest að kúpling bifreiðarinnar væri útbrunnin. Kveðst varnaraðili hafa upplýst sóknaraðila um umrætt tjónamat tafarlaust og svarað öllum spurningum sóknaraðila tengdum því.

Varnaraðili vísar til þess að orsakir þess að kúpling brenni út geti t.d. verið þær að kúplingin sé ekki að fullu tengd, að gírskipting bifreiðarinnar hafi ekki verið notuð með réttum hætti og bensín gefið inn á sama tíma eða aðrar athafnir sem geti valdið auknum núningi í gírkerfinu. Við þessar aðstæður geti myndast hiti og núningur í gírkerfinu sem hugsanlega geta haft áhrif á gírvökva bifreiðarinnar. Það geti leitt til þess að kúpling skemmist ef akstri bifreiðar sé haldið áfram. Varnaraðili ítrekar að kúpling brenni ekki aðeins út vegna eðlilegs slits hennar og jafnvel þó bifreið hafi verið ekið fjölmarga kílómetra leiði það eitt og sér ekki til þess að bilun megi rekja til þess þáttar. Varnaraðili kveðst tryggja að allar bifreiðar hans séu leigðar út í góðu ástandi, fái fyrirbyggjandi viðhald og sé íhlutum þeirra ávallt skipt út fyrir nýrri ef þörf krefji.

#### IV

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili tók á leigu bifreið af gerðinni Dacia Duster, með skráningarnúmerið [...], árgerð 2017, hjá varnaraðila dagana 18. til 27. nóvember 2022. Þann 21. nóvember 2022 bilaði kúpling bifreiðarinnar eftir um 400 km akstur sóknaraðila og var hún í kjölfarið flutt með dráttarbíl á starfsstöð varnaraðila. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili krafist þess að sóknaraðili myndi þá þegar greiða áætlaðan viðgerðarkostnað að fjárhæð 1.590 evrur og svokallað „*damaged vehicle administration fee*“ að fjárhæð 181 evra, alls 1.771 evra. Greiddi sóknaraðili umkrafa greiðslufjárhæð sem og 118.700 krónur í dráttarkostnað til fyrirtækisins [...]. Með tölvupósti, dags. 28. nóvember 2022, upplýsti varnaraðili sóknaraðila um niðurstöðu tjónamats [...]. Kom fram að viðgerðarkostnaður yrði 1.624,34 evrur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá upplýsti varnaraðili að hann myndi halda fast við kröfu sína um greiðslu umsýslugjalds að fjárhæð 181,33 evrur. Í ljósi þess að sóknaraðili hafði þegar greitt varnaraðila 1.771,71 evru krafðist varnaraðili sóknaraðila um frekari greiðslu að fjárhæð 33,96 evrur. Mótmælti sóknaraðili því í tölvupósti sínum til varnaraðila 14. desember 2022. Sóknaraðili telur sig ekki ábyrgan fyrir þeirri bilun sem varð í bifreiðinni og krefst endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem varnaraðili krafði hann greiðslu á vegna málsins sem og dráttarkostnaðar. Varnaraðili telur ljóst að tjón á bifreiðinni megi rekja til aksturs sóknaraðila og krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Ökutækjaleiga skuli gæta þess að skráningarskyld ökutæki til útleigu séu í góðu ásigkomulagi, hljóti gott viðhald og eftirlit og fullnægi kröfum sem gerðar eru um þau í lögum og reglugerðum. Þá segir

Í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis en með leigusamningi er átt við samning „*milli leigusala og leigutaka um leigu á skráningarskyldu ökutæki án ökumanns og til afnota gegn gjaldi*“, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

Finna má afrit af samningi sóknaraðila og varnaraðila vegna leigu á bifreiðinni í gögnum máls. Í grein 5.5. segir m.a. að ef bifreið bilar vegna eðlilegs slits muni varnaraðili útvega aðra bifreið eða láta gera við bifreiðina eins fljótt og unnt er. Það muni ekki hafa áhrif á greiðsluskyldu leigjanda, þ.e.: „*This does not affect the rental payment or any other charges due during the rental period...*”

Í gögnum máls er að finna afrit af svokölluðu „*damage cost liability form/invoice*“ sem sóknaraðili undirritaði 21. nóvember 2022 eða sama dag og bifreiðin bilaði. Þar kemur fram eftirfarandi lýsing á biluninni: „*Broken clutch system*“. Því næst segir að áætlaður kostnaður við viðgerð sé að fjárhæð 1.590 evrur. Greiddi sóknaraðili þá fjárhæð þann sama dag auk umsýslugjalds að fjárhæð 181 evru, alls 1.771 evru.

Í framlögðu tjónamati [...] vegna bilunarinnar, dags. 28. nóvember 2022, kemur fram að áætlaður kostnaður við viðgerð er að fjárhæð 241.864 krónur. Kostnaður vegna viðgerðarinnar var sundurliðaður með eftirfarandi hætti:

	<u>Time</u>	<u>Rate p/hour</u>	<u>Amount</u>
„ <i>Mechanical work</i> “	60,0	17.251	103.506
„ <i>Parts (Discount 0)</i> “			79.835
„ <i>Incidental Material</i> “			6.210
„ <i>Administrative cost</i> “			5.500

Samtala framangreindra fjárhæða var sögð 195.051 króna og virðisaukaskattur tiltekinn 46.812 krónur. Í athugasemdum með tjónamatinu sagði eftirfarandi: „*[d]amage evalation only. Repair has not been completed. It is unknown who will repair it or when the repair will be made. The clutch was burnt out with significant smell.*“

Samkvæmt fyrrnefndri ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila, dags. 21. nóvember 2022, hafði varnaraðili þegar metið fyrirhugaðan viðgerðarkostnað vegna tjónsins sama dag og bilunar varð vart. Ekki liggur fyrir hver stóð að baki kostnaðarmati á viðgerðarkostnaðinum þann dag eða hvaða forsendur lágu þar að baki. Framlögð skjöl eru aðeins merkt varnaraðila. Undir meðferð málsins óskaði kærunefndin eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila vegna málsins. Óskað var eftir staðfestingu þess að viðgerð á bifreiðinni [...] hafi farið fram sem og staðfestingu á greiddum kostnaði vegna þeirrar viðgerðar. Þá var jafnframt óskað eftir upplýsingum um hversu lengi bifreiðin hafði verið notuð sem leigubifreið á vegum varnaraðila og upplýsingum eða gögnum um hvort og þá hvenær kúplingu bifreiðarinnar hefði áður verið skipt út. Engin svör hafa borist frá varnaraðila þrátt fyrir ítrekun.

Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila að sýna fram á fjárhagslegt tjón sem rekja má til athafna sóknaraðila. Óumdeilt er að kúpling bifreiðarinnar bilaði þegar sóknaraðili var með hana á leigu. Í málinu liggur ekkert fyrir sem staðreynir að varnaraðili hafi greitt þann viðgerðarkostnað sem tilgreindur er í tjónamati fyrirtækisins [...] vegna viðgerðar á bifreiðinni eða hvaða fjárhæð, ef önnur en greint er frá í matinu, hafi verið greidd af varnaraðila. Þá hefur ekkert verið lagt fram sem bendir til þess að bilun bifreiðarinnar sé að rekja til sóknaraðila. Ekkert liggur fyrir um að sóknaraðili hafi ekið ógætilega, sýnt af sér gáleysi eða að öðru leyti ekið eða nýtt bifreiðina í ósamræmi við skilmála varnaraðila. Framlagning á fyrrgreindu tjónamati, sem varnaraðili aflaði einhliða, dugar þess heldur ekki ein og sér til þess að sýna fram á að hvaða marki sóknaraðili hafi valdið varnaraðila fjárhagslegu tjóni með skaðabótaskyldri háttsemi. Verður ekki annað séð en að bifreiðin hafi bilað vegna notkunar sem hefur átt sér lengri aðdraganda en aðeins þrjá daga og um 400 km akstur sóknaraðila. Ekki er hægt að ætlast til þess að sóknaraðili beri kostnaðinn af því að koma bifreiðinni í betra ástand en hún var í þegar sóknaraðili tók hana á leigu. Verður því ekki séð á hvaða grundvelli varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 1.590 evra frá sóknaraðila þann 21. nóvember 2022. Varnaraðili lagði ekki fullnægjandi grunn að kröfu sinni og var því ekki heimilt að krefja sóknaraðila um framangreinda fjárhæð, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 og ákvæðis 5.5. í skilmálum varnaraðila. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu að fjárhæð 1.590 evrur, miðað við gengi dagsins 21. nóvember 2022 þegar sóknaraðili greiddi umkrafða fjárhæð til varnaraðila.

Samkvæmt framlagðri ábyrgðaryfirlýsingu var sóknaraðila gert að greiða 181 evru í svokallað „*damage vehicle administration fee*“ eða umsýslugjald vegna skemmda á bifreiðinni. Í 8. kafla skilmála varnaraðila er fjallað um gjöld og annan kostnað. Í grein 8.9.1. kemur fram að svokallað „*damage vehicle administration fee*“ að fjárhæð 27.000 krónur sé krafist þegar leigubifreið verður fyrir tjóni hjá leigutaka. Líkt og að framan greinir telur kærnefndin ekki sýnt fram á að sóknaraðili hafi valdið tjóni með skaðabótaskyldri háttsemi sinni og er því ekki grundvöllur fyrir kröfu varnaraðila um greiðslu svokallaðs umsýslugjalds að mati nefndarinnar. Með hliðsjón af framangreindu verður fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu umsýslugjalds að fjárhæð 181 evra, miðað við gengi dagsins 21. nóvember 2022.

Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða 118.700 krónur sem sóknaraðili greiddi í dráttarkostnað vegna bifreiðarinnar. Í grein 8.8.1. í skilmálum varnaraðila kemur fram að leigutaki sé ábyrgur fyrir kostnaði sem hlýst af því að draga þurfi bilaða eða skemmda bifreið. Enginn áskilnaður er gerður um að bilun eða tjón hafi verið af völdum leigutaka. Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Í því felst að samningsaðilum ber að efna gerða samninga samkvæmt efni sínu. Í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga er að finna undantekningu frá meginreglunni um skuldbindingargildi samninga. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins má víkja samningi til hliðar í heild eða hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við það mat skal samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Í 36. gr. c. laganna segir eftirfarandi:

*Ákvæði 36. gr. gilda um samninga skv. 1. mgr. 36. gr. a, þó með þeim breytingum sem leiðir af 2. og 3. mgr.*

*Við mat á því hvort samningur skv. 1. mgr. sé ósanngjarn skal líta til atriða og atvika sem nefnd eru í 2. mgr. 36. gr., m.a. skilmála í öðrum samningi sem hann tengist. Þó skal eigi taka tillit til atvika sem síðar komu til, neytanda í óhag.*

*Samningur telst ósanngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Ef slíkum skilmála er vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án skilmálans.*

Líkt og að framan greinir er umrætt lagaákvæði undantekningarákvæði frá meginreglu samningaréttar um að gerða samninga beri að halda. Verða því að vera veigamiklar ástæður fyrir því að unnt sé að falla frá samningi af þeim sökum með þeim afleiðingum að samningurinn verði óskuldbindandi. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja kemur fram að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóði í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015, svo sem tryggja að leigutaki njóti aðstoðar komi til bilana eða atvika sem hefta eða stöðva för leigutaka og varða ökutækið sjálft. Verður enda að telja sanngjarnt og eðlilegt að varnaraðili beri þann kostnað sem hlýst af því að bifreið í þeirra eigu bili. Með vísan til framangreinds telur kærunefndin að ákvæði 8.8.1. skilmála varnaraðila fara gegn 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 og vera ósanngjarnt eins og atvikum málsins er háttað þar sem það stríði gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag í skilningi 36. gr. c. laga nr. 7/1936. Að því virtu telur kærunefndin að víkja beri til hliðar meginreglu samningaréttar um að gerða samninga beri að halda. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu dráttarkostnaðar, samtals að fjárhæð 118.700 krónur.

Með hliðsjón af öllu framangreindu ber varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila annars vegar 1.771 evru sem nemur endurgreiðslu áætlaðs viðgerðarkostnaðar og svokallaðs „*damage vehicle administration fee*“, og hins vegar dráttarkostnað að fjárhæð 118.700 krónur, miðað við gengi dagsins 21. nóvember 2022.

## V

### Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, viðgerðarkostnað að fjárhæð 1.771 evra og dráttarkostnað að fjárhæð 118.700 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson